



Fanney Hauksdóttir og Axel Kristinsson voru á dögnum valin Íþróttakona og Íþróttamaður Seltjarnarness. Kjörin fór fram að viðstöddu fjölmenni í Félagsheimili Seltjarnarness. Var þetta 23. skiptið sem kjörin fór fram en það var fyrst haldið 1993. Sjá nánar á bls. 4.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum
í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann
til að sækja „appið“
frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann
með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Áhaldahús hvar?

Langi hefur ríkt nokkur óánægja með staðsetningu áhaldahúss Seltjarnarnesbæjar við Austurströndina. Umferð og staðsetning vinnuvéla og annarra tækja og tóla í næsta nágrenni íbúðabyggðar hefur mælst mis vel fyrir. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um framtíðar staðsetningu áhaldahússins en eins og fram kemur í frétt hér í blaðinu hefur meirihluti bæjarstjórnar Seltjarnarness ákveðið að viðhalda ákvæði um hugsanlega byggingu þess inni í deiliskipulagi fyrir Vestursvæðin. Ekkert mun þó ákveðið um hvort þetta ákvæði verði notað komi til byggingar áhaldahúss og þess raunar getið í bókunum að leitað verði sjónarmiða almennings um framkvæmd sem þessa. Bjarni Torfi Álfþórsson, forseti bæjarstjórnar og formaður skipulagsnefndar segir að leyfa eigi bæjarbúum sjálfum að ákveða hvort þeir telji samþykkt skipulagsins vera áherslubreytingu. Hvort verði sé að opna frekar fyrir möguleika til byggingar áhaldahúss fyrir bæjarfélagið í Suðurnesi.

Vonandi verður sjónarmiða almennings leitað áður en ráðist verður í byggingu áhaldahúss – hvort sem er á Suðurnesinu eða annars staðar á Seltjarnarnesi. Mikið andstaða hefur verið við mannvirkjagerð á Suðurnesi og má benda á tregðu til að stækka golfvöllinn í því sambandi. Í sannleika sagt á 600 fermetra áhaldahús með tilheyrandi umferð vinnuvéla ekkert erindi á þetta svæði. Hitt er svo annað mál að erfitt getur reynst að finna þessari bæjarstarfsemi nauðsynlega staðsetningu svo að öllum líki.

Hvenær á að byggja hjúkrunarheimilið?

Í frétt á heimasíðu velferðarráðuneytisins er sagt frá því að hafin sé bygging hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi og heimilið verði tekið í notkun á næsta ári. Engin vinna er þó hafin á vettvangi á Móakotstúninu og engar hugmyndir hafa verið kynntar – hvorki útlits eða um innviði. Spurning er um á hvaða vegi undirbúningsvinna er stödd eða hvort hún sé hafin. Ljóst má þó vera að hendur verða að standa frama úr ermum eigi heldri borgarar í hjúkrunarþörf að fá þar skjól á næsta ári.



Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

Áhaldahús í Suðurnesi áfram í skipulagi

Meirihluti bæjarstjórnar Seltjarnarness samþykkti á bæjarstjórnarfundum 20. janúar sl. nýtt deiliskipulag fyrir Vestursvæðin á Seltjarnarnesi. Í skipulaginu er haldið opnum möguleikum til þess að byggja allt að 600 fermetra áhaldahús í Suðurnesi. Bjarni Torfi Álfþórsson formaður skipulagsnefndar sem einnig er forseti bæjarstjórnar segir þó enga áherslubreytingu á athafnasvæði áhaldahúss í hinu nýja skipulagi.

Í bókun meirihlutans á fundinum kemur fram að núverandi lóð fyrir athafnasvæði áhaldahúss hafi verið inni í eldra deiliskipulagi fyrir Vestursvæðið og því sé ekki um áherslubreytingu að ræða. Tekið er fram í bókuninni að ekki hafi verið ákveðið að byggja umrætt áhaldahús en lóð undir slíka starfsemi haldið áfram inni í hinu nýja skipulagi. Í bókuninni segir að bygging áhaldahúss verði ekki ákveðin án ítarlegrar greiningar, auk þess sem vinna við nýtt aðalskipulag er enn í gangi. „Við leyfum bæjarbúum sjálfum að ákveða hvort þeir telji þetta vera áherslubreytingu en samkvæmt deiliskipulaginu sem nú verður auglýst getur bærinn byggt 600 fermetra áhaldahús á Vestursvæðunum, segir Bjarni Torfi Álfþórsson.“



myndi hafa á umhverfið og einnig aðra starfsemi í nágrenninu. Bent er á að umhverfisnefnd bæjarins hafi á síðasta ári skilað umsögn um byggingu áhaldahúss í Suðurnesi sem skipulagsnefnd hefur enn ekki brugðist við. Nefnd sem vinnur að stefnumótun fyrir Seltjarnarnes í ferðamálum fundar þessar vikurnar en þar er þetta svæði sem nú er merkt undir áhaldahús lykilsvæði þegar kemur að ferðabjónustu á Nesið. Síðan segir að bygging áhaldahúss á þessum stað þrengi verulega að framtíðarmöguleikum bæjarins þegar kemur að húsnæði Lækningaminjasafnsins sem mun alltaf vera í samspili við útsýni og náttúruumhverfið á þessu svæði. Að lokum er vitnað í stefnumálinu Sjálfstæðismanna fyrir árin 2014 til 2018 þar sem segir að „almenn samstaða sé um að verja vestursvæðin og viðhalda náttúrugæðum þar óspilltum.“

Samfylkingin mótmælti

Bæjarfulltrúar Samfylkingar mótmæltu þessu harðlega og sögðu að verði væri að lauma 600 fermetra áhaldahúsi út í Suðurnes. Í bókun bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar kemur fram að þeir geti ekki samþykkt þessa deiliskipulagstilögu þar sem lagt sé til að byggja áhaldahús fyrir framan þá sjónlínu sem dregin er út frá því húsnæði sem á sínum tíma var byggt fyrir lækningaminjasafn. Í ályktuninni segir að ítarlegur rökstuðningur þurfi að liggja að baki ákvörðun sem þessari ásamt greiningu á þeim áhrifum sem slíkt húsnæði

Nesbíúinn



Á að breyta lækningaminjasafnhúsinu í áhaldahús?

VILTU PRUFA EITTHVAÐ NÝTT Í VETUR?

KYNNTU ÞÉR SKÍÐA OG FJÖLSKYLDUPAKKA SIGLÓ HÓTELS



ANTON BERGUR

SIGLÓ HÓTEL

TVEGGJA NÁTTA FJÖLSKYLDUPAKKI

Verð frá 15.790 kr. á mann

(verð miðast við tvo fullorðna og tvö börn undir 16 ára aldri í tvær nætur)

Innifalið: Samtengjanlegt 50 fermetra herbergi með uppábúnu rúmi fyrir allt að fjóra, tveimur sjónvörpum og tveimur baðherbergjum. Möguleiki á tveimur aukarúmum fyrir börn gegn viðbótargjaldi.

TVEGGJA DAGA SKÍÐAPAKKI

Verð frá 24.400 kr. á mann

(verð miðast við tvo fullorðna saman í herbergi í tvær nætur)

Innifalið: tvær nætur fyrir tvo í classic herbergi, morgunverðarhlaðborð og tveggja daga skíðapassi um helgi.

Viltu eitthvað annað eða meira? Hafðu samband og við sníðum pakkann að þínum þörfum.

www.siglohotel.is

Snorragötu 3b • 580 Siglufirði • Sími 461-7730

Drög að deiliskipulagi fyrir Valhúsa-hæð kynnt



Skipulagshönnuðir kynntu drög að nýju deiliskipulagi fyrir Valhúsa-hæð og aðliggjandi útivistarsvæði á íbúafundi sem var haldinn miðvikudaginn 27. janúar í hátíðarsal Gróttu, Íþróttamiðstöðinni við Suðurströnd. Mjög góð mæting var á fundinn og fjölmargar ábendingar hafa borist til skipulagsnefndar.

Umræður á fundinum voru fjölbreyttar og voru lagðar fram margar spurningar sem hönnuðir, bæjarstjóri, formaður skipulagsnefndar og skipulagsfulltrúi svöruðu. Í kynningu sem farið var yfir á fundinum í sambandi við deiliskráningu fornleifa á áhrifsvæði framkvæmda við hjólastíga segir að áður en til framkvæmda og lagningar stíganna komi muni fornleifafræðingur taki út leiðina sem borin verður undir Minjastofnun Íslands. Verði ástæða talin til breytinga á legu stíga eða framkvæmdinni að öðru leyti verði tekin um það sérstök ákvörðun. Einnig voru kynntir skilmálar fyrir lóðir undir íbúðarhúsnæði við Kirkjubraut 4 til 18. Þar segir að um núverandi byggingar gildi samþykktar byggingarnefndarteikningar sem skipulagsskilmálar fyrir hverja lóð. Veitt er heimild skv. deiliskipulagi þessu til að reisa sólstofur út frá stofurýmum, mest 2,5 m frá aðalbyggingu og mest 12 m2 að grunnfleti. Staðsetning byggingarreita er sýnd á deiliskipulagsupprætti.

Á heimasíðu Seltjarnarness má skoða kynninguna sem lögð var fyrir.

Kjör Íþróttamanns og -konu Seltjarnarness:

Fanney og Axel kjörin

Kjör Íþróttamanns- og konu Seltjarnarness fór fram þriðjudaginn 2. febrúar að viðstöddu fjölmenni í Félagsheimili Seltjarnarness. Kjörið fór fram í 23. skiptið en það var fyrst haldið 1993.

Kjörið er í umsjón Íþrótt- og tólmstundanefndar Seltjarnarness, sem vill með kjörinu vekja athygli á gildi íþróttar og stuðla enn frekar að öflugu íþrótt- og tólmstundalífi á Seltjarnarnesi. Einnig voru veitt verðlaun til landsliðsfólks, ungs og efnilegs íþróttafólks, Íslandsmeistara auk þess sem veitt voru sérstök verðlaun fyrir félagsmálafrömuði á Seltjarnarnesi. Í kjöri til Íþróttafólks Seltjarnarness voru 10 einstaklingar úr 7 íþróttagreinum.



Ungt og efnlegt íþróttafólk.

Fanney er mikil fyrirmynd og virkur þátttakandi í starfi kraftlyftingadeildar Gróttu, auk þess að þjálfa fimleika.

Axel Kristinsson

– Íþróttamaður Seltjarnarness

Axel er 27 ára og hefur stundað júdó frá því hann var 11 ára en hann er uppalinn í júðódeild Ármanns. Allt frá upphafi júðóferilsins hefur Axel sýnt það og sannað að hann er afburðar íþróttamaður, en á árunum 2008-2013 varð hann Íslandsmeistari fullorðinna í júðó. Hann hefur einnig keppt á Smáþjóðaleikunum fyrir Íslands hönd. Axel náði mjög góðum árangri á árinu 2015, bæði í júðó og brasilísku jiu-jitsu (BJJ), en þar keppir Axel fyrir Mjólni. Hann varð í maí Norðurlandameistari í júðó en þar vann hann alla andstæðinga sína með uppgjafartaki (ippon). Með það í huga er sigur hans á einu stærsta og sterkasta móti sem haldið er á Norðurlöndunum því enn stærri. Hann varð einnig Íslandsmeistari í BJJ auk þess að lenda í 3. sæti á Evrópumeistaramótinu í sömu keppnisgrein sem haldið var í Lissabon en mótið þar hefur aldrei verið stærra.

Axel er jafnframt yfirþjálfari hjá íþróttafélaginu Mjólni ásamt því að æfa mjög keppnismiðað. Hjá Mjólni sér hann um barna- og unglingastarf ásamt því að þjálfa fullorðna í BJJ. Barna- og unglingastarfið byggir hann upp sem leik og leggur áherslu á ábyrgð sem fylgir því að læra hverskyns bardagaíþróttir.

Fanney Hauksdóttir

– Íþróttakona Seltjarnarness

Fanney er 23 ára og hóf að æfa kraftlyftingar fyrir fjórum árum eftir að hafa stundað fimleika í áráraðir. Fanney varð Íslandsmeistari í bekkpressu í 63 kg. flokki með 125 kg. lyftu sem var jafnframt Íslandsmet. Hún varði heimsmeistaratitil sinn á HM unglinga sem fram fór í Svíþjóð og setti um leið nýtt heimsmet unglinga þegar hún lyfti 145,5 kg. og Evrópumeistari í opnum flokki (flokki fullorðinna) á Evrópumótinu sem fram fór í Tékklandi. Þetta var hennar fyrsta mót í flokki fullorðinna og lyfti hún 147,5 kg sem var jafnframt nýtt heimsmet unglinga, en hún átti metið fyrir sjálf.

Fyrsta íslenska konan til að lyfta 100 kílóum

Fanney setti Íslandsmet í opnum flokki í klassískri bekkpressu (bekkpressu án búnaðar) á Íslandsmótinu í klassískum kraftlyftingum með því að lyfta 100 kg og varð þar með fyrsta íslenska konan til að lyfta þeirri þyngd. Með þessari lyftu sett hún jafnframt Norðurlandamet unglinga. Í lok árs var Fanney tilnefnd til íþróttamanns ársins af Samtökum íþróttaréttamanna og endaði í 5. sæti í valinu. Er þetta besti árangur sem íslenskur kraftlyftingakeppandi hefur náð á þeim vettvangi eftir að kraftlyftingar urðu á ný íþróttagrein innan ÍSÍ. Fanney situr í 4. sæti á heimslista IPF í 63 kg. opnum flokki (flokki fullorðinna).



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.

- 

Tjónaskoðun

Við skoðum bíllinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti

Skiptum um framrúður og önnurnst annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheirnsun á bil.



Mössun / snyrting á lakk

Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilbúið í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta

Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun

Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bön off. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði

Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum o.fl.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slíflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Drágháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is

Heilsugæslan aftur á Suðurströnd

Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ er flutt á Suðurströnd 12 eftir að hafa verið starfrækt í rúmlega eitt ár á Landakoti á meðan gagngerar endurbætur fóru fram á húsnæði stöðvarinnar.

Flutningi stöðvarinnar var fagnað í móttöku sem haldin var í gær, fimmtudaginn 28. janúar í endurbættu húsnæði á Suðurströnd. Við það tækifæri færðu Lionsfélagar á Seltjarnarnesi stöðinni veglegt fjáframlag til tækjakaupa.

Fyrsta sérhannaða heilsugæslustöðin

Húsnæði heilsugæslu Seltjarnarness og Vesturbæjar er rúmir 1.000 fermetrar að stærð. Það er hannað af Jes Einari Þorsteinssyni, arkitekt og er fyrsta húsið sem var sérhannað fyrir heilsugæslu í landinum. Eftir rúmlega 30 ára starfsemi í húsinu var kominn tími á endurbætur, að utan jafnt sem innan. Fyrir nokkrum árum var ráðist í viðamiklar utanhússviðgerðir og var strax ljóst að ekki yrði farið í endurbætur innanhúss öðru vísi en að færa starfsemina annað á meðan. Auk umfangsmikils viðhalds og endurbóta var brýnt að bæta vinnuaðstæður starfsfólks og aðstöðu fyrir heilsuverndarstarfið. Meðal endurbóta sem nú var ráðist í má nefna að lagnakerfi hússins voru endurnýjað og innréttingar lagfærðar eða endurnýjaðar. Gerðar voru breytingar á innra skipulagi þannig að húsið henti betur starfseminni og mæti þörfum nútíma heilbrigðisþjónustu.



Starfsemi Heilsugæslu Seltjarnarness og Vesturbæjar er nú aftur tekin til starfa í nýuppgerðu húsnæði stöðvarinnar á Suðurströnd 12 á Seltjarnarnesi eftir rúmlega eins árs rekstur í bráðabirgðahúsnæði á Landakoti.

Falleg og björt heilsugæslustöð

Í móttökunni sagði Svanhvít Jakobsdóttir forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að haft hefði verið samráð við starfsfólk um fyrirkomulag endurbótanna og að markmiðið hefði verið að skapa starfsfólki og skjólstaðingum stöðvarinnar umgjörð og aðstæður þar sem öllum liði vel í hvort sem um væri að ræða stuttar heimsóknir eða langan vinnudag. „Afrakstur þessa samstarfs er falleg og björt heilsugæslustöð, þar sem tekist hefur að bæta starfsaðstæður og skapa umhverfi sem tekur vel á móti skjólstaðingum heilsugæslunnar. Af þessu getum við verið stolt,“ sagði Svanhvít.



Frá opunarathöfn heilsugæslustöðvar Seltjarnarness og Vesturbæjar. Frá vinstri: Árni Scheving Thorsteinsson yfirlæknir, Emilía P. Jóhannsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur, Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra og Svanhvít Jakobsdóttir forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

16 þúsund íbúa þjónustusvæði

Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ er hverfisstöð sem þjónar tæplega 16.000 Seltirningum og Vesturbæingum. Svæði stöðvarinnar nær yfir Seltjarnarnes og Vesturbæ Reykjavíkur sunnan Hringbrautar, þ.m.t. er allt háskólahverfið og Skerjafjörður. Að auki veitir stöðin 5 grunnskólum á svæðinu heilsugæsluþjónustu. Arkitektastofan Ask sá um hönnun breytinganna og var verkfræðihönnun unnin í samvinnu við VSÓ Ráðgjöf. Framkvæmdasýslan hafði umsjón með framkvæmdum og daglegt eftirlit fyrir Ríkiseignir sem héldu utan um verkið. Aðalverktaki endurbótanna var Þarfaping hf.



Öll rúnstykkki á

80

kr.

stk

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is

Seltirningar þurfa að vanda sig við að flokka

Seltirningar geta staðið sig mun betur við flokkun sorps borið saman við nágrannasveitarfélögin. Í gögnum frá Sorpu kemur fram að blátunnurnar, sem íbúar á höfuðborgarsvæðinu setja pappír í, eru þyngstar á hvern mann í Hafnarfirði, en léttastar í Reykjavík þegar þær eru losaðar.

Á Seltjarnarnesi fer 19,5% af húsasorpi bæjarbúa í blátunnuna en 80,5% í orkutunnuna, eða gráu tunnuna þar sem setja má annan heimilisúrgang. Í Hafnarfirði er hlutfallið hins vegar 22,2% á móti 77,8%. Þá hefur bæjaryfirvöldum á Seltjarnarnesi borist ábending frá Sorpu um að talsvert magn af öðru rusli sé að finna í blaðatunnunum bæjarbúa og í mörgum tilfellum er um plast að ræða. Þegar svo ber undir hafa tunnurnar í sumum tilfellum ekki verið hirtar. Bæjarbúar eru hvattir til að vanda sig betur við flokkun rusls það kemur öllum til góða.

Blátunna

Umhverfislegur og fjárhagslegur ávinningur fyrir alla

5 flokkar í eina tunnu



Auglýsinga-
póstur



Dagblöð og
tímarit



Fernur



Eggjabakkar




Morgunkorns-
pakkar



Pappirsambúðir



Prentpappír



Pítsukassar



Umslög

Allt efni laust í tunnuna, engar materleifar, engir plastpokar, ekkert aukarus!



Komur pappír í orkutunnuna til 15. febrúar



Stöðluð um aðgerðir á kópavogsbæjar

blatunna.is



Fluttu „One and only“ í undankeppni Samfés

Undankeppni söngkeppni Samfés var haldin í Hljómahöllinni í Keflavík föstudaginn 29. janúar. Þar keppti Selíð við aðrar félagsmiðstöðvar úr Kraganum með siguratriði úr söngkeppni Selsins.

Það voru fjórar stelpur úr 10. bekk, þær Anna Lára söngkona, Ásdís og Áslaug bakraddasöngkonur og Júlía hljómborðsleikari sem sáu um að flytja Adele lagið “One and only”, og gerðu stelpurnar það listavel. Frammistaða þeirra tryggði þeim eitt af toppsætunum og unnu þær sér því inn rétt til að keppa í aðalkeppninni sem fram fer í Laugardalshöll í mars. Hópur 24 unglinga úr Selinu fylgdi stelpunum til Keflavíkur og ætlaði allt um koll að keyra af gleði í hópnum þegar ljóst var að stelpurnar komust áfram. Eftir keppnina lék DJ Sveppz fyrir dansi og skemmtu krakkarnir sér með unglingum úr öðrum félagsmiðstöðvum og voru allir til fyrirmyndar.



Augu, eyru, munnur og nef!



MANDUKA er drottningin!

Manduka PRO og eKO jógaðýnur í mörgum litum og stærðum. Allskyns jóga fylgihlutir.

MÖNTRU ARMBÖND!

Silfrúð, gyllt. & rósagull.

NÝ SENDING KOMIN TIL LANDSINS.

Jógafatnaður á stráka & stelpur!

Lífrænn, notalegur, fallegur & Fair Trade.

Framtíðin er núna.

Lífræn & frönsk

Dr. Bach eru ilmvötn sem gefa.

6 tegundir.

Henta líka þeim sem ekki þola ilmvötn.

Má bjóða þér drykk?

Viltu skot, þeyting, kaffi, te, kakó, eða súpu?

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Fyrir neðan sundlaugina og World Class.

www.facebook.com/Systrasamlagið

Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8:30 - 18

Laugardagar 10 - 16

Nýbyggingar í stað Stóra Áss

Gert er ráð fyrir 16 íbúðum á svæðinu þar sem Stóri Ás stendur nú en auglýst hefur verið tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Kolbeinsstaðamýri á Seltjarnarnesi. Ákveðið hefur verið að rífa húsið Stóra Ás sem staðið hefur autt að undanfögnu og telst

ónýtt og skapa byggingarreiti á þessu svæði.

Deiliskipulagssvæðið nær til lóðanna nr. 36 og 38 við Suðurmýri

og lóðanna nr. 17 og 19 við Eiðismýri. Í tillögunni felst m.a. breyting byggingarreita, hækkun á nýtingarhlutfalli og hækkun þaks.

Einnig verður bílastæðum fjölgað. Gert er ráð fyrir 16 íbúðum í fjórum húsum og ein sameiginleg lóð skilgreind sem íbúðalóð.

Hjarta- stuðtækið bjargaði mannslífi




Heimildarmanni Nesfrétta lék forvitni á að vita hvernig öryggismálum væri háttað í íþróttamannvirkjum bæjarins og leitaði svara hjá Hauki Geirmundssyni sviðsstjóra íþrótt- og tómstundasvið Seltjarnarness um málið.

„Starfsmenn íþróttamiðstöðvarinnar (sundlaug-íþróttahúsknattspyrnuvöllur) sækja árlega skyndihjálparnámskeið en einnig tel ég mikið öryggi fólgið í því fyrir starfsemi eins og okkar að hafa hjartastuðtæki við hendina," segir Haukur og bætir við. „Sundlaugin fékk slíkt tæki að gjöf frá Slysavarnarkonum á Nesinu fyrir 10 árum síðan og við erum líka með hjartastuðtæki í íþróttahúsi og á knattspyrnuvelli sem komu síðar.

Það óskar sér enginn að þurfa að standa frammi fyrir því að meðhöndla hjartastuðtæki en í raun eru þau mjög einföld í notkun og krefjast ekki sérfræðipækkingar. Þau eru tilbúin til notkunar, en um leið og þau eru opnuð fer í gang talgervill sem leiðir notandann á íslensku í gegnum endurlífgunarferlið," segir Haukur. Hann segir að tækin séu ekki notuð nema viðkomandi sé í hjartastoppi, það hafi sem betur fer bara gerst einu sinni þegar gestur í World Class fór í hjartastopp. Tækið getur skilið á milli lífs og dauða og hjálpað til við að halda sjúklingi með lífsmarki þar dýrmætu mínútur þar til sérfræðiaðstoð berst.



MIDBORG
fasteignasala



Myndin sýnir meðal ásett fermetraverð íbúðarhúsnæðis í vesturbæ Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi. Ekki er gerður greinarmunur á tegundum húsnæðis, svo sem einbýli, fjölbýlishúsum eða nýjum íbúðum.

Við hjá Miðborg erum með allar þær upplýsingar sem þú þarft, til að fá sem best verð fyrir þitt húsnæði.

Til að fá frekari upplýsingar um þróun ásetts verð fyrir þína gerð eignar í þínu póstnúmeri, hafðu samband við Ólaf H. Guðgeirsson í síma 663-2508 eða sendu póst á olafur@midborg.is



Ólafur H. Guðgeirsson
MBA, nemi til löggildingar
fasteigna- og skipasölu



Björn Þorri Viktorsson hrl.
löggiltur fasteigna-
og skipasali

Miðborg fasteignasala • Sundagarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími 533 4800
www.midborg.is

Viðtal við Þorstein Sæmundsson alþingismann og Nesbúa

Þingsetan hefur verið lærdómsríkur tími

Þorsteinn Sæmundsson alþingismaður spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Hann hefur búið á Seltjarnarnesi í tæp 18 ár. Þorsteinn er uppalinn Kópavogsbúi en hélt ungur að árum út á land. Hann starfaði um tíma sem kaupfélagsstjóri úti á landi en síðan hjá sýslumannsembættinu á Keflavíkurflugvelli. Þorsteinn er kvæntur Maríu Jónu Hauksdóttir úr Reykjavík sem var fyrsti starfsmaður Friðriks Skúlasonar ehf og hefur starfað þar í rúm tuttugu ár. Segir að þau hafa kynnst ung en ekki gengið í hjónaband fyrr en nokkru síðar. Þau eiga tvo syni; Hauk Sæmund kvæntan Ríkeyju Valdimarsdóttur frá Eskifirði og þau búa í Alaborg ásamt þremur börnum og Stein Inga sem er kvæntur Kristínu Maríu Stefánsdóttur ljósmyndara og eiga þau tvær dætur. „Nei það hvarflaði ekki að mér að gerast alþingismaður hér áður fyrr þótt það ætti eftir að verða,“ segir Þorsteinn við tíðindamann þegar þeir höfðu komið sér fyrir í Bókasafni Seltjarnarness.

„Ég kom á Nesið 1998. Við höfðum búið um tíma í Vesturbæ Reykjavíkur og vorum að horfa eftir stærra og hentugra húsnæði. Ég hafði ekkert á móti því að flytja út á Nes þegar að því kom,“ segir Þorsteinn sem telur sig innst inni gamlan Seltirning. En hvernig skyldi standa á því. „Ég er fæddur og alin upp í Kópavogi á þeim tíma sem bærinn var að byggjast upp. Foreldrar mínir voru frumbyggjar þar og við þjuggum sunnan í Digranesinu ekki langt frá þeim stað sem Digraneskirkja stendur nú. Þarna voru barnmargar fjölskyldur að koma sér fyrir, við vorum níu og ég man eftir því að oft hjálpuðust fjölskyldurnar að við húsbyggingarnar. Það skemmtilegasta við þetta er að eitt sinn var Kópavogur hluti af Seltjarnarneshrepp og þess vegna tel ég mig vera kominn heim – heim í gamla hreppinn minn.“

Tók við kaupfélaginu af Arnþóri Jensen

En Þorsteinn batt ekki bagga við Kópavoginn og hélt ungur út á land. „Já – það er rétt. Ég yfirgaf



Þorsteinn Sæmundsson alþingismaður.

höfuðborgarsvæðið um tíma. Fyrst hélt ég vestur í Dali og tók við starfi kaupfélagsstjóra í Saurbæ. Eftir tveggja ára veru þar fór ég austur á land – nánar tiltekið til Eskifjarðar þar sem ég starfaði sem kaupfélagsstjóri í 11 ár. Ég tók við kaupfélaginu þar af Arnþóri Jensen sem var faðir Vals Arnþórssonar sem lengi var kaupfélagsstjóri á Akureyri og síðar einn bankastjóra Landsbankans áður en að hann fórst í sviplegu slysi. Jú – það var sérstakt að taka við af gamla manningum sem hafði stýrt þessu með myndarbrag í áratugi. En svo hættu flest kaupfélögin starfsemi. Sum seldu frá sér rekstur og gerðust eignarhaldsfélög eins og Kaupfélag Eyfirðinga en önnur hurfu bara af sjónarsviðinu. Það voru helst þau kaupfélög sem farið höfðu út í sjávarútveg sem lifðu þær breytingar sem þarna urðu á atvinnuháttum.“

Vann við miklar breytingar á Keflavíkurflugvelli

„Þegar ég kom að austan settumst við að í Vesturbænum í Reykjavík. Yngri strákurinn fór að spila fótbolta með KR og gerði mig að svona ættleiddum KR-ingi. Á þessu tíma var

„Í dag er stór hluti matvöruverslunarinnar í landinu í eigu lífeyris-sjóða og mér finnst að Íslendingar séu látnir greiða fyrir lífeyrisrétti-ndi með háu vöruverði sem skapa arðgreiðslur til lífeyrissjóðanna.“

Samband íslenskra samvinnufélaga komið niður á annað hnéð og ég starfaði um tíma við það sem kölluð voru aðskiljanleg félög en þá var meðal annars verið að koma eignum í verð og undirbúa uppgjör. Eftir það fór ég til starfa hjá lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli eins og embættið hét þá. Ég starfaði þar við skrifstofustjórn. Fyrst með Þorgeiri Þorsteinsyni, sýslumanni þeim heiðursmanni og síðar Jóhanni R. Benediktssyni sem tók við af honum.“ Þorsteinn segir þetta hafa verið mjög lærdómsríkan tíma. „Það voru gerðar miklar breytingar á embættinu á þessum árum og starfsmenn komu á margan hátt að

framkvæmd þeirra. Eitt af því var að sameina lögreglu, tollefirtilitið og öryggisgæsluna undir eina yfirstjórn og þótt því fyrirkomulagi hafi síðar verið breytt á ný þá var þetta gríðarlegur skóli fyrir þá sem komu að þessari vinnu. Annað var upptaka Schengen samstarfsins á vormánuðum 2001 og síðan atburðirnir í New York í september 2001.“ Þorsteinn segir að um miðjan fyrsta áratuginn hafi orðið vart við þá miklu fjölgun ferðamanna sem hefur stöðugt farið vaxandi. „Ég man að á árinu 2005 voru breskir sérfræðingar fengnir til þess að spá fyrir um fjölgun ferðamanna næstu árin. Þeir gerðu þrefalda spá. Eina neikvæða, aðra sem þeir töldu nokkuð raunverulega og þá þriðju sem byggð var á talsverðri bjartsýni um fjölgun. Og það verður að segjast eins og er að fjölgunin hefur farið langt fram úr þeirri spá. Það var engin leið að sjá þetta fyrir. Dæmi um fjölgunina má nefna að á árinu 2011 komu álíka margir ferðamenn til landsins og bjartsýna spáin gerði ráð fyrir að yrði 2015. Og síðan hefur verið um stöðuga fjölgun að ræða eins og kunnugt er.“

Gat ekki farið betur

En tengist Þorsteinn Eskifirði enn í dag. „Já - það má segja að ég hafi enn nokkur tengsl við Eskifjörð. Við eigum góðar minningar þaðan og örlögin hafa líka hagað því þannig til að við eignuðumst eskfirska tengdadóttur. Sá ráðahagur var þó ekki ákveðinn fyrir austan vegna þess að strákurinn var bara níu ára þegar við fluttum suður og hún sex og á þeim aldri eru níu ára strákar varla farnir að spá í sex ára stelpur. En svo hittust þau síðar fyrir tilstuðlan sameiginlegs kunningja og þetta varð úr. Nú eru þau búsett í Danmörku og eiga orðið þrjú börn. Það er góður vinskapur við fólkið hennar og þetta gat ekkert farið betur.“

Leggja næstum við bæjardyrnar hjá mér

Þegar Þorsteinn er inntur frekar eftir því af hverju hann hafi valið Seltjarnarnes til búsetu kveðst hann hafa þekkt vel til þar ytra. „Við fórum oft í göngutúra út á Seltjarnarnes og ókum stundum sólarlagshringinn. Við horfðum á húsinn því við vorum farin að huga að stærra húsnæði. Það var þó fyrir tilviljun á þessum tíma að við rákumst á hús til sölu utarlega á Nesinu. Ég segi stundum að við höfum fengið það upp í fangið á okkur. Húsið er á frábærum stað og við féllum alveg fyrir staðsetningunni. Sjávarsíðan heillaði okkur og svo nálægðin við Gróttu og aðrar náttúruperlur og minjar á Seltjarnarnesi. Nú verð ég var við að margir ferðamenn leggja leið sína út á Seltjarnarnes og út að Gróttu. Leggja jafnvel húsbílum þar og gista næstum við bæjardyr okkar Nesbúa. Svæðið hefur greinilega mikið aðdráttarafl.“

Verðum að gæta að sögunni

En mannlífið. Hvað finnst Þorsteini sem um tíma bjó í litlu sjávarplássi um það. „Seltjarnarnes er eitt af þessum litlu samfélögum sem varðveita örlitinn þorpsbrag

eða þá mannlegu nánd sem oft skapast í fámennum samfélögum. Ég hygg að hægt væri að efla þennan þátt í fórum Seltirninga og að bæjaryfirvöld ættu að efla það eftir getu. Byggðin stendur á litlu flatarmáli sem skapar nánd og það veldur því einnig að erfitt er um mikla uppbyggingu. Til þess vantar byggingarland. En þess í stað mætti gera meira úr hinum náttúrulegu kostum og einnig þeim minjum sem finnast á Nesinu. Ég er svolítið önnugur yfir því að bæjarfélagið skuli ekki standa fyrir því að varðveita það sem eftir er af stríðsminjum á Valhúsahæðinni. Þar var miðstöð loftvarna fyrir höfuðborgarsvæðið og mér finnst að við verðum að gæta vel að sögunni og þessum þætti hennar.“

Nesið og 107-Reykjavík

Þorsteinn segir að nú sé talað um að Seltirningar séu að eldast. Að yngra fólk sjái sér ekki vel fært að koma sér upp heimili á Nesinu. Það vanti íbúðir sem henti ungu fólk – fólki sem er að hefja búskap með bjartsýnina að vopni. „Þarna kemur landleysið nokkuð við sögu. Nesið er að verða fullbyggt ef frá eru talin þau svæði sem teljast til náttúruverðmæta og útivistarlands og ekki er heppilegt að taka undir byggð. Þetta setur vissar skorður og getur komið niður á nýtingarmöguleikum til dæmis skóla- og íþróttamannvirkja. Ég hef velt því fyrir mér af hverju ekki hafi verið leitað meira samstarfs við Reykjavíkurborg og þá Vesturbæinn sérstaklega á þessum sviðum. Ég veit ekki betur en verið sé að nota lausar kennslustofur á Grandanum og spyr því hvort börnunum væri ekki betur borgið í skólunum á Seltjarnarnesi sem ekki hafa verið fullnýttir að undanfögnu. Ég veit að fólk á Seltjarnarnesi er á móti sameiningu við Reykjavík og það er ég líka. Bæjarbúar vilja varðveita sjálfstæði sveitarfélagsins og gæta að sérstöðu Nessins í hvívetna. En af hverju má ekki í fullri alvöru skoða

frekari samvinnu þótt ekki væri til annars en ná betri nýtingu þeirra mannvirkja, sem sveitarfélögin þurfa að byggja og halda við. Ef til væri raunhæft að sameina hverfi 107 í Reykjavík og Seltjarnarnes. Svæðið sunnan Hringbrautar inn í Skerjafjörð og út til Gróttu. Nú er ég farinn að láta hugann reika en ég er sannfærður um að eftir er að fara fram endurskoðun á sveitarfélögum og sveitarstjórnarstiginu hvert sem hún kann síðan að leiða.“

Fólk greiðir fyrir lífeyri með háu vöruverði

Þorsetinn situr nú á Alþingi. Hvað kom til að hann breytti um kúrs í lífinu og fór að halla sér að stjórnmálum. „Upphafið að því má rekja til þess að þegar ég hætti að vinna hjá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli fór ég til starfa í Umhverfissráðuneytinu. Ég hafði lengi haft áhuga á stjórnmálum þótt um beina þátttöku væri ekki að ræða. Þegar ég var á Eskifirði stýrði ég tveimur kosningabaráttum. Það var þegar Jónas Hallgrímsson sem þekktastur er fyrir framtak sitt til ferðamála og ferðaskrifstofuna Austfar var í kjöri. Við náðum góðum árangri enda Jónas hinn besti drengur og örlagavaldur í þessu byggðarlagi. Ég veit ekki hvort siglingar Norrænu til Seyðisfjarðar hefðu orðið að veruleika án hans aðkomu. Það varð þó ekki fyrr en minn gamli vinur og kennari Jón Sigurðsson varð formaður Framsóknarflokksins að ég sogaðist aðeins inn í flokksstarfið með honum. Ég hafði þó oft verið að tuða eitt og annað svona heima fyrir en aldrei hugsað mér að leggja stjórnmálin fyrir mig sem starf. En svo fór ég að hugsa þetta frekar og hvort ég gæti ef til vill komið að einhverju gagni. Ég hugsaði með mér hverju maður sem kæmi beint úr grasróttinni fengi áorkað gæfi hann kost á sér á framboðslista og fengi brautargengi. Ég velti þessu nokkuð fyrir mér og sá að ég hefði engu að tapa hvernig

sem allt færi. Ég var búinn að vera nokkuð víða. Í sveit, í sjávarplássi og svo á alþjóðaflugvelli þar sem ég var starfandi þegar varnarliðið hvarf á braut. Ég hef einnig lengi haft áhuga á neytendamálum. Mér finnst umræðan um verslun og viðskiptahætti hafa verið dauf og jafnvel neikvæð en ég finn fyrir því að fólk er farið að vakna til vitundar um verðlag og vörugæði. Hér hefur líka ríkt mikil fákeppni og er enn einkum á matvörumarkaði. Ég er með frumvarp í smíðum um breytingu á samkeppnislögunum til að víkka samkeppnina og mér finnst einnig að fólk sé að vakna til vitundar um vörugæði og verðlag.“

Verslunareigendur tregir að skila ábata

Talið berst að verluninni. „Mér finnst verslunarrekendur vera tregir til þess að skila öllum þeim ábata sem bættur hagur skilar þjóðinni í gegnum vöruverð til neytenda. Í dag er stór hluti matvöruverslunarinnar í landinu í eigu lífeyrissjóða og mér finnst að Íslendingar séu látnir greiða fyrir lífeyrisréttindi með háu vöruverði sem skapa arðgreiðslur til lífeyrissjóðanna. Ég hef einnig átt sæti í nefnd sem vinnur að því að endurskoða almannatryggingakerfið. Hún var undir forystu Péturs heitins Blöndal. Þótt honum hafi ekki enst aldur til þess að ljúka því verkefni þá vona ég að hægt verði að skila því.“ Þorsteinn minnst Péturs sem áhugaverðs stjórnmálamanns. „Pétur var bæði greindur og glöggur. Og hann hafði þann eiginleika sem er góður fyrir stjórnmálamenn að honum var alveg sama hvað öðrum fannst um hann. Hann var fylginn sér í því sem hann tók sér fyrir hendur og mér finnst mikill fengur í að hafa fengið tækifæri til þess að kynnst honum og starfa með honum. Og að öllu leyti hefur þingsetan verið lærdómsríkur tími. Maður er alltaf að kynnst nýjum málum og af ólíkum toga. Læra eitthvað nýtt. Og það út af fyrir sig eitt og sér gefur lífinu gildi.“

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30




Þróun fasteignaverðs í Vesturbæ og á Seltjarnarnesi

Það er mjög áhugavert að skoða hvernig ásett verð á íbúðarhúsnæði hefur þróast allt öðruvísi á vesturhluta Reykjavíkursvæðisins heldur en í úthverfum.

Samkvæmt hagfræðideild Landsbankans hækkaði fasteignaverð í Reykjavík í heild um 9,4% á árinu 2015, um 10% í fjölbýli og 7,6% í sérbýli. Þetta eru mestu hækkarnir sem sést hafa frá árinu 2007 og meiri hækkarnir á sérbýli en sést hafa í núverandi hækkannahrinu. Þessi hækkun sérbýlis kemur skýrt fram í línuriti hér til hliðar, en í myndinni eru hæðir, rað/par og einbýli flokkuð saman þar sem slíkar eignir eru enn sem komið er helst keyptar til íbúðar frekar en útleigu. Greiningardeildir bankanna spá 7-8% hækkunum á ári næstu 2-3 árin.

Ljóst er að mikil ásókn er í kaup á íbúðum eða eignum sem henta til útleigu fyrir ferðamenn. Þessi þróun, ásamt uppsafnaðri þörf eftir nokkuð langvinna sölulægð, hefur drifið hækkarnir undanfarinna ára, sem ætti að vera mun heilbrigðara en hækkarnir fyrir 2008 voru. Þær hækkarnir voru drifnar áfram fyrst og fremst af aðgengi að lánsfé meðan núverandi hækkarnir íbúða eru drifnar af tekjumöguleikum sem fást með kaupnum, auk almennrar kaupmáttaraukningar.

Þrátt fyrir þetta, að grunnur núverandi hækkana er allt annar en áður hefur verið í hækkunum á verði íbúðarhúsnæðis, þá á núverandi tímabil það sammerkt með fyrri hækkunum að hækkarnir fara fyrst af stað í mið- og vesturhluta Reykjavíkursvæðisins og þróast síðan áfram út í úthverfin. Þetta er áhugaverð þróun, þar sem ekki virðast vera forsendur fyrir að kaupa íbúðir til útleigu fyrir ferðamenn í úthverfunum. Áhugavert




er að bera saman þessa þróun eftir hverfum, en næstu tvær myndir sýna þessar breytingar annars vegar í fjölbýli en hins vegar í sérbýli.

Tvennt þarf að benda sérstaklega á með þessa mynd: Annars vegar eru tölur fyrir febrúar 2016 ekki marktækar að öllu leiti þar sem svo stutt er liðið á mánuðinn, og hins vegar má sjá á bláu línunni að á árinu 2015 koma öðru hvoru nokkrar mjög hátt verðlagðar eignir í fjölbýli til sölu í 101 sem hafa mikil áhrif á verð fjölbýlis í póstanúmerum í vesturhluta borgarinnar.

Af myndinni má draga ýmsar áhugaverðar ályktanir, til dæmis það að hækkanaferlið í úthverfum (gula línun) er ákveðnara en í mið og vesturhluta borgarinnar; fermetraverð er enn hæst í 101 Reykjavík en sveiflur eru meiri í Miðbæ, Vesturbæ og Nesi en í úthverfunum þar sem skýrar hækkarnir á ásettu verði koma fram.

Þessi mynd hér til hliðar er sömuleiðis mjög áhugaverð. Hún sýnir þróun ásetts verðs á fermeter í sérbýli, en undir sérbýli flokkast hæðir, raðhús,



parhús og einbýli. Það vekur óneitanlega athygli að verðþróun skuli vera nánast alveg í takt, og að enn sem komið er hafi verðhækkarnir á sérbýlum ekki dugað til að minnka verðbil sérbýla milli úthverfanna og vesturhlutans.

Ólafur H. Guðgeirsson hjá Miðborg fasteignasölu getur svarað ýmsum spurningum sem lúta að verðþróun á einstökum tegundum eigna með meiri nákvæmni en hér er gert.

Er bygging hjúkrunarheimilisins hafin?

Bygging hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi á að vera hafin samkvæmt frétt á vef velferðarráðuneytisins. Í framkvæmdáætlun sem birt var 14. janúar sl. um byggingu nýrra hjúkrunarrýma er gert ráð fyrir að byggja 204 ný hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu annað hjúkrunarheimilið á að vera í Reykjavík og hitt í Kópavogi. Til viðbótar þessum rýmum er þess getið að framkvæmdir standa yfir við byggingu hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi með 40 rýmum og stefnt að því að taka það í notkun á næsta ári.

Mikið hefur verið rætt um byggingu hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi bæði staðarval og annað sem framkvæmdinni tengist á undanförunum árum. Eftir að staðsetning hjúkrunarheimilisins var ákveðin á svokölluðu Móakotstúni kom í ljós við gróft könnunarskurða að fornminjar myndast á hluta svæðisins. Rannsóknunum á þeim mun vera lokið. Framkvæmdir á vettvangi eru ekki hafnar en spurning er um hvaða undirbúningsframkvæmdir, teiknivinna og annað sem henni tengist eru langt á veg komnar.

Texti af vef ráðuneytisins

Eftirfarandi texti er tekinn orðrétt af vef Velferðarráðuneytisins. „Samkvæmt áætluninni verða byggð tvö ný hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu, annað í Reykjavík og hitt í Kópavogi. Gengið verður til viðræðna við forsvarsmenn bæjarfélaganna tveggja um fyrirhugaða uppbyggingu á næstunni. Á hjúkrunarheimilinu sem áformað er að byggja í Reykjavík verða 100 hjúkrunarrými en 64 á heimilinu í Kópavogi. Til viðbótar þessum rýmum má geta þess að framkvæmdir standa yfir við byggingu hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi með 40 rýmum. Stefnt er að því að taka það í notkun á næsta ári.“ Slóðin á fréttina er - www.velferðarraduneyti.is/frettir-vel/nr/35445.

Troðfullt á safnanótt

Seltirningar sveifluðu sér á Safnanótt því um tvö hundruð manns fylltu Bókasafn Seltjarnarnes og Galleri Gróttu á Safnanótt, sem fram fór föstudagskvöldið 5. febrúar.

Boðið var upp á grímugerð, grímuball, söng, leiðsögn um sýninguna „einádag“ og margt, margt fleira. Fjölskyldufólk af

Seltjarnarnesi á öllum aldri lét sig ekki vanta í fjörið og tók þátt af lífi og sál eins og myndirnar bera með sér.



Margt að gerast í Seltjarnarneskirkju

Margt er að gerast í Seltjarnarneskirkju á útmánuðum. Nú stendur yfir sýning á verkum tveggja listamanna í safnaðarheimili og anddyri Seltjarnarneskirkju. Báðir listamennirnir eru búsettir á Nesinu, þau Soffía Marý Sigurjónsdóttir og Dýri Guðmundsson. Soffía sýnir í bland myndir unnar með vatnslitum og olíulitum. Dýri sýnir myndir sem hann kallar myndverk, sem hann hefur unnið með tölvutækni í excel forriti. Þá eru ljóð eftir Dýra einnig á sýningunni. Sýningin stendur yfir í anddyri Seltjarnarneskirkju og í safnaðarheimilinu til loka febrúarmánaðar.



Fræðslumorgnar eru í Seltjarnarneskirkju á sunnudögum kl. 10 árdegis.

21. febrúar

Aðstæður barna og kvenna á Kúbu í máli og myndum – kynning á alþjóðlegum bænadegi kvenna.

Sr. María Ágústsdóttir, héraðsprestur.

28. febrúar

Fyrirmyndir Nýja testamentis Odds Gottskálkssonar.

Atli Freyr Steinþórsson, útvarpsmaður og íslenskufraeðingur.

6. mars

Kynning á nýlegri útgáfu Passíusálma sr. Hallgríms Péturssonar. 350 ár frá fyrstu prentuðu útgáfu þeirra - viðhorf til sálmanna á nýjum tímum. Mörður Árnason, íslenskufraeðingur.

13. mars

Myndlistarmaður segir frá verkum sínum í máli og myndum. Leifur Breiðfjörð.

20. mars

Á slóðum íslenskra mormóna í Júta Halldór Árnason, formaður Þjóðræknisfélags Íslendinga.

Gróttuguðsþjónusta 6. mars í Seltjarnarneskirkju

Hin árlega Gróttuguðsþjónusta mun fara fram 6. mars næstkomandi kl. 11.

Barnakórinn Litlu snillingarnir undir stjórn Ingu Stefánsdóttur og Friðriks Vignis Stefánssonar syngur ásamt Gömlu meisturunum. Gróttuguðsþjónustan er létt athöfn þar sem allir sem hafa möguleika á mæta í gróttutreyjum. Gróttulagið eftir Jóhann Helgason er sungið í lok athafnar. Pálína Magnúsdóttir segir sögu og Gróttuguðsþjónustan er sannkölluð fjölskyldustund. Í lokin er svo boðið upp á veitingar í safnaðarheimli þar sem fáni Gróttu mun verða á borðum.

Deiliskipulagstillaga vestursvæðanna kynnt

Nú liggur fyrir tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir vestursvæðið á Seltjarnarnesi að Lindarbraut. Tillagan var kynnt á fundi í félagsheimili Seltjarnarness þriðjudag 16. febrúar.

Tillagan nær yfir nokkur eldri deiliskipulagssvæði; vegna Lækningaminjasafns, fyrir Vestursvæðin vestan íbúðabyggðar, Suðurnes, Gróttu, Safnatröð og svo til viðbótar íbúðagötunarnar, Sefgarða, Sævargarða, Neströð, Nesbala og húsin við Lindarbraut vestan götu ásamt öllum strandsvæðum. Gerð er tillaga um uppbyggingu á nokkrum lóðum. Deiliskipulagsvæðið umlykur deiliskipulag íbúðasvæðisins í Byggðörðum sem ekki er hluti deiliskipulags Vestursvæðis.



GÓLF-MOTTUR við innganginn borga sig

CORAL®

Vörn gegn óhreinindum og bleytu

KJARAN

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



f Finndu okkur á Facebook

FÉLAGSSTARF ELDRI BÆJARBÚA
Á SELTJARNARNESI

Söngur, spil og dans

Fyrstu vikur ársins hafa verið viðburðaríkar í félags og tómstundastarfi eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi. Góð þátttaka hefur verið í hefðbundnu starfi. Þjóðleikhúsið bauð eldri bæjarbúum á forsýningu á söng og skemmtileikinn Umhverfis jörðina á 80 dögum. Um 50 manns sóttu sýninguna sem var föstudaginn 22. Janúar kl. 15.00 og skemmtu sér allir hið besta. Þriðjudaginn 26. Janúar var svo þorraleði í kirkjunni með tilheyrandi söng, hljóðfæraleik og þorramat. Kvöldið eftir var svo hin árlega tónlistarveisla Selkórsins í Félagsheimilinu, en Selkórinn hefur boðið eldri bæjarbúum til tónlistarveislu á hverju ári mörg undanfarin ár. Sendum kórfélögum sérstakar þakkir fyrir trygð sína við eldri bæjarbúa. Söngur, hljóðfæraleikur, skemmtiatriði og svo frábærar veitingar. Þess má gera að hátt í 100 manns sóttu ofangreindar skemmtanir.

Það sem af er febrúar höfum við farið eina leikhúsferð, verið með félagsvist og erum á leið í fyrstu „óvissuferð“ ársins, en nú er ferðinni heitið í Listasafn Íslands. Stór-leikritið Njála varð fyrir varlinu sem leikhúsferð í janúar. Það var ekki stór hópur sem fór en allir þó sammála um að um stórbrotið listaverk sé að ræða. Miklu óveðri var spá fimmtudaginn 4. febrúar, en þann dag var ákvðið að spila félagsvist. Fólk lét veðuróróann ekki slá sig út af laginu og var spilað á 7 borðum.

Framundan er hefðbundið félagsstarf samkvæmt bláa dagskrárblaðinu en þó er vert að minna á eftirfarandi:

· Nú fer hver að verða síðastur að skrá sig á **Sparidaga á Hótel Örk dagana 6. – 11. mars.** Dagskráin er fjölbreytt og skemmtileg, enda markmið að allir njóti dvalarinnar. Skráningarblið liggja frammi á Skólabraut. Einnig er skráning og allar nánari upplýsingar hjá Kristínu í síma 8939800.

· **Fimmtudaginn 18. febrúar kl. 19.30 býður kvennadeild slysavarnardeildar Vörðunnar upp á félagsvist í salnum á Skólabraut.** Þetta er árviss viðburður deildarinnar með hlaðborði og glæsilegum vinningum. Allir velkomnir

· **Miðvikudagskvöldið 24. febrúar kl. 20.00 verður samvera í Selinu með unga fólkinu.** Gaman saman yngri og eldri. Allir velkomnir.

· **Fimmtudagskvöldið 25. febrúar verður svo NIKKUKVÖLD** í salnum á Skólabraut kl. 19.30 en þá ætlum við að gleðjast saman, syngja, dansa og njóta léttar veitinga. Skráning í síma 8939800. Allir velkomnir.

· **Þriðjudaginn 8. mars kl. Kl. 19.30 í salnum Skólabraut.** Lionsmenn koma í sína árlegu heimsókn og spila með okkur félagsvist. Allir velkomnir.

· **Mánudaginn 21. mars verður páskaeggjabinó** í safnaðarheimili kirkjunnar kl. 19.30. Allir velkomnir.

UMHVERFISHORNIÐ

Starfshópur vinnur tillögur um aðgerðir til að draga úr notkun plastpoka

Plastpokar

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur skipað starfshóp sem hefur það hlutverk að móta tillögur að aðgerðum um hvernig draga megi úr notkun plastpoka. Hópurinn mun í starfi sínu horfa til þingsályktunar Alþingis frá júlí sl. um að draga úr plastpokanotkun, breytinga á EES- samningnum vegna plastpokanotkunar og tillögu Umhverfisstofnunar um hvernig draga megi úr plastpokanotkun hér á landi.

Áætlað er að árlega noti Íslendingar um 70 milljónir plastpoka sem jafngildir rúmlega 200 plastpokum á mann. Starfshópurinn skal hafa að markmiði að dregið verði úr notkun burðarplastpoka í áföngum þannig að þeir verði 90 plastpoka á einstakling fyrir árslok 2019 og 40 plastpoka fyrir árslok 2025.

Hópurinn skal jafnframt leggja mat á hvort og þá hvaða stjórntæki gætu gagnast við að ná markmiðinu, s.s. notkun hagrænna hvata til grænnar nýsköpunar í plastiðnaði, skattlagning plastpoka, bann við notkun plastpoka að einhverju eða öllu leyti, niðurgreiðslur á umbúðum sem gætu komið í stað plastpoka, o.s.frv. Starfshópnum ber enn fremur að skoða hvað getur komið í staðinn fyrir plastpoka, aðgang almennings og atvinnulífs að leiðum sem geta bætt hringrásakerfi sem og að meta hugsanleg kostnaðaráhrif þeirra aðgerða sem lagðar verða til. Starfshópnum er ætlað að hafa samráð við haghafa, s.s. Neytendasamtökin, fulltrúa lágvöruverslanna, fulltrúa gámaþjónustuaðila og sorpsamlaga. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili skýrslu til ráðherra með tillögum að aðgerðum eigi síðar en 15. júní 2016.



Nýtum salatið betur – Sparnaður

Nú þegar árstíðin leyfir ekki uppskeru eigin matjurta og dýrt er að kaupa grænmeti á diskinn mælum við með því að salat sé nýtt betur. Oft er hægt að leyfa salati að vaxa áfram á góðum björtum stað og þá með nægum vatnsbirgðum. Framleiðendur eru vafalaust ekki par hrifnir af því að mælt sé með þessu sparnaðarráði en við látum það ekkert á okkur fá, enda bæði umhverfisvænt og budduvænt.



Heimildir: Umhverfisráðuneytið.
Guðrún A. Tryggvadóttir, natturan.is

Fh. umhverfisnefndar Seltjarnarness
Margrét Pálsdóttir, formaður

Aðalfundur Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi, sem stofnað var sl. haust heldur sinn fyrsta aðalfund laugardaginn 27. febrúar kl 11:00 til 12:00 í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi.

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn. Allir íbúar Seltjarnarness eldri 60 ára og eldri geta gengið í félagið með því að senda póst á netfangið feb@simnet.is

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ eda BORDADU Á STAÐNUM

Altöru matur

Menningarlífið í blóma á Nesinu

Menningarlífið er í blóma á Nesinu og kunna Seltirningar vel að meta það af góðri aðsókn að dæma. Nýlega lauk sýningu Bæjarlistamanns Seltjarnarness, Elsu Nielsen í Gallerí Gróttu þar sem hún sýndi hið stórskemmtilega verkefni #einádag og fimmtudaginn 11. febrúar kl. 17 verður þar opnuð sýning á verkum listamannsins Húberts Nóa Jóhannessonar.

Arkitektúr og hönnun verða í brenni-depli í starfsemi Bókasafnsins þetta árið. Rut Kára innanhússarkitekt flutti fyrirlestur fyrir fullum sal í janúar og 25. febrúar kl. 17:30 er röðin komin að Halldóru Arnardóttur listfræðingi sem fjallar um Kristínu Guðmundsdóttur fyrsta háskólamenntaða innanhússarkitektinn á Íslandi, eða hóbýlafræðinginn eins og það nefndist þá, en Halldóra ritstýrði bók um Kristínu, sem kom út um síðustu jól. Kristín var frumkvöðull á sínu sviði og var fyrst til að halda þeim viðhorfum á lofti að eldhúsið, sem þá var einkum vinnustaður kvenna, þarfnadist heildstæðs skipulags þar sem tekið væri tillit til hagræðingar í fyrirkomulagi innréttinga og innleiðingar vinnusparandi heimilistækja samhliða áferðarfallgu útliti og aðlaðandi litasamsetningu.

Valdir rithöfundar í bókasafninu

Bókasafnið hefur bryddað upp á þeirri nýbreytni í vetur að fá valda rithöfunda í heimsókn til sín í unglingadeildina í svokallað Valóspjall. Nú hafa



Húberts Nóa Jóhannessonar.

nemendur í 10. bekk hitt Jón Gnarr, nemendur í 7. bekk Gerði Kristnýju og 25. janúar mun Gunnar Helgason hitta 8. bekkina. Heimsóknirnar eru hluti af læsisátaki sem menningarsvið og fræðslusvið Seltjarnarness standa að.

Bókmenntakvöldin á bókasafninu eru fastur liður í byrjun hvers mánaðar. Þriðjudaginn 1. mars kl. 19:30 kemur í heimsókn Einar Már Guðmundsson rithöfundur og ræðir nýja bók sína Hundadagar.

Yngsta kynslóðin á einnig fastan punkt í starfsemi Bókasafnsins í sögustundum sem Sirrý barnabókavörður stýrir. Miðvikudaginn 2. mars verður lesin sagan Nanna norn eftir Valerie Thomas og Korky Paul.

Hönnunarmars hefst hefst svo með pomp og prakt 10. mars en þá opna sýningu í Gallerí Gróttu Sturla Már Jónsson húsgagnahönnuður og Þórunn Árnadóttir iðnhönnuður.

Auglýsing um breytingu á deiliskipulag á Seltjarnarnesi

Í samræmi við 41 - 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju á deiliskipulagi á Seltjarnarnesi.

1. Vestursvæði að Lindarbraut

Skipulags- og umferðarnefnd Seltjarnarness samþykkti þann 25. nóvember 2015 og Bæjarstjórn þann 20. janúar 2016 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi Vestursvæðis á Seltjarnarnesi, sem nær yfir nokkur eldri deiliskipulagssvæði vegna Lækningaminjasafns, fyrir Vestursvæðin vestan íbúabyggðar, Suðurnes, Gróttu, Safnatröð og svo til viðbótar íbúðagöturnar, Sefgarða, Sævargarða, Neströð, Nesbala og húsinn við Lindabraut vestan götu ásamt öllum strandsvæðum. Gerð er tillaga um uppbyggingu á nokkrum lóðum. Deiliskipulagsvæðið umlykur deiliskipulag íbúðasvæðisins í Bygggördum sem ekki er hluti deiliskipulags Vestursvæðis. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi á Seltjarnarnesi.

2. Suðurmýri 36-38, Eiðismýri 17-19 (Stóri-Ás og Litli-Ás)

Skipulags- og umferðarnefnd Seltjarnarness samþykkti þann 15. janúar og Bæjarstjórn þann 20. janúar 2016 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kolbeinsstaðamýrar vegna lóðanna nr. 36 og 38 við Suðurmýri og lóðanna nr. 17 og 19 við Eiðismýri. Í breytingunni felst m.a. breyting byggingarreita, hækkan á nýtingarhlutfalli og hækkan þaks. Einnig verður bílastæðum fjölgað, íbúðir verða 16 í 4 húsum og ein sameiginleg lóð skilgreind sem íbúðalóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi á 1. og 2. hæð skrifstofu Seltjarnarnes-bæjar að Austurströnd 2 virka daga kl. 8.20 - 14.00, frá 3. febrúar 2016 til og með 23. mars 2016. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðunni, www.seltjarnarnes.is, undir liðnum skipulagsmál.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til þjónustuvers Seltjarnarness merkt, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is, eigi síðar en 23. mars 2016. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Seltjarnarnes 3. febrúar 2016

Skipulagsfulltrúi
á Seltjarnarnesi.



seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR

Blindrafélagið tekur að sér ferðapjónustu

Blindrafélagið tekur að sér ferðapjónustu blindra fyrir Seltjarnarnesbæ. Skrið var undir þjónustusamning milli Blindrafélagsins og Seltjarnarnesbæjar þriðjudaginn 26. janúar. Samningurinn kveður á um að Blindrafélagið taki að sér að reka ferðapjónustu fyrir Seltirninga sem eru greindir lögblindir af þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda einstaklinga og geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur vegna fötlunar sinnar.

Fyrir hönd Blindrafélagsins skrifaði Kristinn Halldór Einarsson framkvæmdastjóri félagsins (t.h.) undir samninginn og fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar Snorri Aðalsteinsson félagsmálastjóri bæjarins.

Í samningnum eru einnig ákvæði



þess efnis að Seltjarnarnesbær geti boði öldruðu fólki eða fólki með aðrar fatlanir upp á að nota ferðapjónustu Blindrafélagsins.

Ferðapjónusta Blindrafélagsins er þjónustúrræði, sem nýtir leigubílaþjónustu sem fyrir er í samfélaginu en reiðir sig ekki á sérlausnir. Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra bera sveitarfélög ábyrgð á að bjóða þeim sem ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur ferðapjónustu sem gerir þeim kleift að stunda atvinnu, nám og tómstundir.



Góður árangur á þrepamóti FSÍ



Keppendur Gróttu í 4. þrepi 12 og 13 ára á Þrepamóti FSÍ: Karólína, Margrét, Hildur, Birna, María, Viktoría, Helena og Ingibjörg.

Þrepamót FSÍ var haldið helgina 5. til 7. febrúar í umsjón Fimleikadeild Ármanns. Keppt var á einstökum áhöldum og í fjölþraut í 4. og 5. þrepi og átti Gróttu 36 keppendur á mótinu. Í keppni í 4. þrepi 13 ára sigraði Hildur Arnaldsdóttir fjölþraut og fékk silfur á tvíslá og gólfi.

Viktoría Ósk Kjærnested varð í öðru sæti í fjölþraut og fékk gull á stökki, slá og gólfi. Karólína Snót Georgsdóttir varð í fimmta sæti í fjölþraut og fékk brons á stökki, tvíslá og gólfi.

Í keppni í 5. þrepi 11 ára sigraði Diljá Elíasdóttir fjölþraut en hún fékk gull á bæði tvíslá og slá. Brynhildur Glúmsdóttir varð í fimmta sæti í fjölþraut og fékk silfur á slá og Margrét Lára fékk silfur á tvíslá. Í 5. þrepi 12 ára sigraði Arna Geirsdóttir fjölþraut og fékk hún gull á stökki og gólfi og silfur á slá og Bergdís Katla Birgisdóttir fékk silfur á gólfi.

Þjálfarar stúlkanna eru þau Svetlana Nazarova, Anna Sóley Jensdóttir, Gabriella Belányi, Sesselja Järvelä, Zoltán Kiss, Anna sóley Jensdóttir, Tinna Rut Traustadóttir og Matthildur Óskarsdóttir. Við óskum öllum Gróttu stelpunum til hamingju með góðan árangur á mótinu.

Í Janúar fór fram árlegt Hello Kitty mót á vegum Fimleikadeildar Gróttu. Keppt var í 5., 6. og 7. þrepi og það voru alls 103 stúlkur sem tóku þátt á mótinu frá 5 félögum. Þær voru flestar að stíga sín fyrstu skref í fimleikakeppni og stóðu þær sig einstaklega vel.

Næsta verkefni hjá fimleikadeild Gróttu er seinni hluti þrepamóts FSÍ. Það verður haldið í íþróttamiðstöðinni Versölum, í umsjón Gerplu 12. – 14. febrúar. Þar verður keppt í 1., 2. og 3. þrepi íslenska fimleikastigans í fjölþraut og á einstökum áhöldum.

www.grottasport.is



Sími: 588 9705
www.skautahollin.is

Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.



6. flokkur kvenna.

Metnaðarfullar stelpur

6. flokkur kvenna hefur verið á mikilli siglingu í vetur. Stelpurnar sem skipa flokkinn eru 16 talsins og hafa æft gríðarlega vel frá því að æfingar hófust í haust. Stelpurnar eru metnaðarfullar og leggja mikið upp úr því að hafa góða stemningu og liðsheildina að vopni. Þessi vinna hefur heldur betur skilað sér inná völlinn og þær hafa tekið miklum framförum vetur.

Nú eru þrjú mót af fimm mótum Íslandsmótsins búin og árangurinn lætur ekki á sér standa. Yngra árið spilar í 1. deild og verma þær annað

sætið. Nú síðast kepptu þær á móti í Austurberginu í Breiðholti helgina 29. - 31. janúar og unnu þar þrjá leiki af fjórum sem verður að teljast frábær árangur. Eldra árið hefur spilað í 2. deild í vetur en gerði sér lítið fyrir og vann alla fjóra leiki sína á síðasta móti, sem haldið var í Víkingsheimilinu helgina 5. - 7. febrúar. Það þýðir að liðið mun spila í 1. deildinni á næsta móti.

Einstaklega flottar stelpur hér á ferð sem verður spennandi að fylgja með í framtíðinni! Áfram Gróttu!

Ungu stelpurnar mjög duglegar

Í mörgu hefur verið að snúast hjá 5. fl.kvk. á síðustu misserum en flokkinn skipa rúmlega 20 duglegar, skemmtilegar og efnilegar stúlkur fæddar árin 2002 og 2003. Þær æfa handbolta 3x í viku, ástundunin er góð og þær sýna mikinn áhuga á íþróttinni. Á síðustu mótum hefur gleðin svo sannarlega verið við völd. Þær tefldu fram tveimur liðum á Jólámóti HK í lok síðasta árs og lentu þar í þriðja sæti.

Yngra árið byrjaði síðan nýtt ár af krafti og spiluðu á heimavelli nú í lok janúar í tveimur liðum vegna fjölda iðkenda, Gróttu1 spilar í 1. deild og Gróttu2 í 2. deild eftir frábæran árangur á síðasta móti. Á mótinu sýndu stelpurnar úr hverju þær eru gerðar, sýndu flotta spilamennsku og mikla baráttu. Stemmingin í hópnum var góð innan og utan vallar sem að skilaði sér í flottum handbolta og trylftum tóktum.

Gróttu1 hafnaði í öðru sæti mótsins eftir tap á móti UMFA sem að tóku gullíð að þessu sinni. Stúlkurnar buðu þó upp á flottan handbolta og hinar ýmsu rósir. Gróttu2 sýndi ævintýrlega seiglu í sterkri deild, gáfust aldrei upp og allir geta verið sammála um að frammistaða stelpnanna hafi verið til mikils sóma þrátt fyrir að óheppnin hafi látið á sér kræla. Þær koma án efa sterkar inn á næsta mót.

Eldra árið spilaði helgina eftir, mættu galvaskar árla laugardagsmorguns og byrjuðu daginn á stórsigri gegn nágrönnum okkar KR. Þá þyngdist straumurinn talsvert og niðurstaðan 3. sæti deildarinnar að þessu sinni.

Það skal tekið fram að bæði stelpurnar sem og foreldrar þeirra voru til fyrirmyndar í alla staði á undarförnum mótum og félaginu til sóma! Með þessar öflugu stelpur er framtíðin í Gróttu björt! Áfram Gróttu!

Góð byrjun hjá fimmta flokki



5. flokkur karla eldri á Mosómóti.

Í byrjun febrúar stóð 5. flokkur karla í ströngu en þá fór fram þriðja umferð Íslandsmótsins hjá þeim. Gróttu teflir fram fjórum liðum í þessum flokki sem stóðu sig öll eins og hetjur.

Yngra árið lék á Selfossi og endaði Gróttu 1 í 2. sæti í 1. deild og Gróttu 2 endaði í 3. sæti í 3. deild. Eldra árið lék í Mosfellsbænum og endaði Gróttu 1 í 3. sæti í 1. deild

en Gróttu 2 gerði sér lítið fyrir og vann 4. deildina. Það er ekki að ástæðulausu að allir 29 leikmenn liðanna í flokkunum hafi sýnt svona flotta frammistöðu um helgina og tekið þessum framförum; þeir hafa æft gríðarlega vel, eru ósérhlífir og mjög áhugasamir. Strákarnir þurfa að halda áfram á þessari braut enda ríflega mánuður í næsta mót hjá drengjunum



5. flokkur karla yngri á Selfossmóti.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur. Hann hlaut nýlega íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðibóka og rita almenns efnis fyrir bókina *Þegar siðmenningin fór fjandans til*. Hún fjallar um heimsstyrjöldina fyrri 1914–1918 og Ísland. Gunnar flutti á Nesið fyrir fjórum árum og býr á Barðaströnd 21. Eiginkona hans er Jóhanna Thelma Einarssdóttir, doktor í talmeinafræði og háskólakennari. Hún fæddist og ólst upp á Seltjarnarnesi. Þau eiga þrjá syni og eitt barnabarn.

Fullt nafn? Gunnar Þór Bjarnason.

Fæðingard. og ár? Fæddist á Ísafirði 8. apríl 1957.

Starf? Sjálfstætt starfandi sagnfræðingur og stundakennari við Háskóla Íslands.

Farartæki? Skemmtilegast af öllu er að hjóla.

Helstu kostir? Það veit ég ekki, reyni að vera bjartsýnn og léttur í lungu.

Eftirlætis matur? Rjúpur og lasagna að hætti eiginkonunnar.

Eftirlætis tónlist? Barokk frá 18. öld og önnur sigild tónlist frá fyrri tíð.

Eftirlætis íþróttamaður?

Einu sinni datt mér í hug að setja mynd af Ryan Giggs upp á vegg í herberginu mínu, en hætti svo við það!

Skemmtilegasta sjónvarpsfnið?

Íslenskir þættir um bókmenntir og sögu.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Úff, þessi er erfið. Segjum Dauðinn í Feneyjum eftir Thomas Mann.

Uppáhalds leikari? Ilmur Kristjánsdóttir er í uppáhaldi hjá mér um þessar mundir.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Nefni tvær íslenskar, nýlegar: Hross í oss og Fúsa.



Ljós.: Anna Lís Ólafsdóttir.

Hvað gerir þú í frístundum þínum? Les, hjóla og fer í Neslaugina.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Ísafjörður. Svo er útsýnið af Seltjarnarnesi auðvitað óviðjafnanlegt.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Einlægni og gláðlyndi.

Hvern vildir þú helst hitta?

Bríeti Bjarnhéðinsdóttur kvenréttindafrömuð og Jón Sigurðsson, þjóðhetjuna góðu. En þau eru bæði löngu dáið

Uppáhalds vefsíða? timarit.is.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Sólríkt vor og gott sumar.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Ekkert sérstakt, kannski ferðast ögn meira.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Tvöfalda

stigin meðfram sjónum og sjá til þess að hann næði meðfram allri strandlengjunni.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Skrifa skemmtilegar bækur um sögu!

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Skrapp til Portúgal með frúnni.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími:

511 1188

borgarblod@simnet.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfsdóttir



Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242




ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA




GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170



Jarðarberjapæja



Pekarpæ



Sósur



*Skákonfekt með dödlum,
gráfíkjum og pekanhnetum*



Dívur



*Nýtt - Klettabraud
- gerlaust súrdeigsbraud*



Þroskallar



Kaka ársins



Bailey's terta

göfgæti frá Jóa Fel

Konudagur að hætti Jóa Fel

Fullt af kökum og kruðeríi til að gleðja elskuna sína.

Verið hjartanlega velkomin.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut